

Fjárhagsnefnd SSA

Aðalfundur SSA haldinn í Valaskjálfi, Egilsstöðum 3.júní

Í fjárhagsnefnd sátu Eydís Ásbjörnsdóttir, Sara Elísabet Svansdóttir og Guðlaugur Sæbjörnsson. Á fundi nefndarinnar kom Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar.

Til nefndarinnar var vísað af stjórn ársreikningi SSA fyrir árið 2020, endurskoðun fjárhagsáætlunar 2021, fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2022 og tillögu að árgjöldum aðildarsveitarfélaga SSA árið 2022.

Fjárhagsnefnd fór einnig yfir ársreikning Atvinnuþróunarsjóðs fyrir árið 2020 og ársreikning Minningarsjóðs Ragnhildar og Stefáns Péturssonar fyrir árið 2020 sem lágu frammi til kynningar fyrir nefndinni.

Ársreikningur SSA 2020

Fjárhagsnefnd fór yfir undirritaðan ársreikning SSA 2020 ásamt könnunaráritun endurskoðanda.

Rekstrarafkoma ársins var jákvæð sem nemur 5,5 milljónum kr. en áætlað hafði verið að reksturinn yrði sem næsti núlli.

Árið var um margt sérstakt í starfi SSA og skýrist frávik frá áætlun fyrst og fremst af því að ekki var um hefðbundið haustþing að ræða, fundir stjórnar voru rafrænir í miklum mæli auk þess sem ýmiskonar samstarf sem krefst ferðalaga og funda var í mun minna mæli en áður.

Heildartekjur námu 321,5 milljónum kr., rekstrargjöld námu 316,5 milljónum kr., fjármagnsliðir eru jákvæðir um 500 þús kr.

Hækkun á handbæru fé nam 87,0 milljón kr. og var það í árslok 244,9 millj. kr. Eigið fé í árslok 2020 er jákvætt um 52,3 milljónir kr. og hækkaði á árinu sem nam jákvæðri rekstrarafkomu.

Í skýringu 5 í ársreikningi er gerð grein fyrir stöðu máls tengt almenningssamgöngum og í ársreikningnum er fært til eignar tryggingarfé að fjárhæð 7 milljónir kr. sem SSA hefur reitt fram.

Fjárhagsnefnd leggur til við aðalfund að ársreikningur SSA fyrir árið 2020 verði samþykktur.

Árgjöld aðildarsveitarfélaga SSA 2022

Fjárhagsnefnd fór yfir tillögu stjórnar að árgjöldum 2022. Skipting á framlögum var uppfært miðað við nýjustu tölur frá sveitarfélögum vegna ársins 2020. Skipting árgjalda milli sveitarfélaga tekur mið af skatttekjum þeirra og jöfnunarsjóði á árinu 2020. Gert er ráð fyrir að heildarárgjöld hækki um 3,2% á milli ára sem miðast hækkan á staðgreiðsluáætlun Sambands sveitarfélaga fyrir árið 2021.

Fjárhagsnefnd leggur til að tillaga að árgjöldum ársins 2022 verði samþykkt.

Fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2021 og 2022

Samkvæmt endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2021 verða heildartekjur 361,2 millj. kr., þar af nema áætluð framlög frá ríki og Jöfnunarsjóði um kr. 201,4 millj. Launakostnaður verkefnastjóra og stjórnar er áætlaður 29,2 millj. kr., gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar 10,0 millj. kr., annar stjórnunarkostnaður 3,1 millj. kr. og funda- og ferðakostnaður 6,5 millj. kr. Kostnaður vegna sérverkefna er áætlaður kr. 312,8 millj. og fjármagnsliðir eru áætlaðir jákvæðir um 0,5 millj. kr. Áætluð rekstrarniðurstaða er jákvæð uppá 114 þús. kr.

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2022 verða heildartekjur 311,5 millj. kr., þar af nema áætluð framlög frá ríki og Jöfnunarsjóði um 157,4 millj. kr. Launakostnaður verkefnastjóra og stjórnar er áætlaður 29,2 millj. kr., gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar 10,0 millj. kr., annar stjórnunarkostnaður 3,1 millj. kr. og funda- og ferðakostnaður 6,5 millj. kr. Kostnaður vegna sérverkefna er áætlaður 262,6 millj. kr. og fjármagnsliðir eru áætlaðir jákvæðir um 500 þús. kr. Áætluð afkoma er jákvæð sem nemur 0,6 millj. kr.

Beinir fjárhagsnefnd því til stjórnar að áfram verði haldið utan um þann beina og óbeina kostnað sem fellur til vegna málareksturs tengt almenningssamgöngum.

Fjárhagsnefnd leggur til við aðalfund að endurskoðuð fjárhagsáætlun 2021 og fjárhagsáætlun 2022 verði samþykkt.

Fjárhagsnefnd SSA leggur einnig til að heimilt verði að endurskoða fjárhagsáætlun 2022 á næsta aðalfundi til að taka mið af þeim breytingum sem enn eru í farvatninu fyrir það ár. Ber þar hæst hvað verður um samninga vegna almenningssamgangna, niðurstöðu málaferla, þróun byggðaáætlunar og sóknaráætlunar.

Ábendingar fjárhagsnefndar er varða fjárhag SSA

Fjárhagsnefnd beinir nú eins og undanfarin ár því til stjórnar SSA að vera vakandi yfir þróun og fjölgun verkefna og áhrif þess á fjárhag SSA. Mikilvægt er að hafa það í huga við gerð samninga s.s. vegna almenningssamgangna, sóknaráætlunar og sérverkefna byggðaáætlunar að töluverð umsýsla fellur til vegna þessara verkefna og þarf þróun fjármagns frá jöfnunarsjóði og umsýslugreiðslur samninga að taka mið af því.

Samþykkt á fundi fjárhagsnefndar þann 2.júní 2021

Eydís Ásbjörnsdóttir, formaður

Sara Elísabet Svansdóttir

Guðlaugur Sæbjörnsson